



**Skilmálar um tímabundinn afslátt á gatnagerðargjöldum  
Samþykkt bærstjórnar Grundarfjarðarbæjar 13. febrúar 2020, m. breytingu 14. maí 2020  
og uppfært 10. desember 2020.**

### **Inngangur**

Bærstjórn samþykkir að bjóða tilteknar eldri íbúðarlóðir með helmingsafslætti af gjaldskrá um gatnagerðargjöld. Hið sama gildir um tilteknar eldri iðnaðarlóðir, sem tilgreindar eru hér fyrir neðan.

Tilgangurinn með því að lækka gatnagerðargjöld með þessum hætti er að bjóða húsbyggjendum betri kjör í því skyni að stuðla að aukinni uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í sveitarfélaginu. Ljóst er að skortur hefur verið á húsnæði og líkindi eru fyrir því að það standi íbúafjölgun fyrir þrifum.

Til viðbótar má nefna, að bærstjórn hefur undirbúið að fjölgað verði íbúðalóðum, sbr. nýja aðalskipulagstillögu. Með gildistöku nýs aðalskipulags á næstunni bætast við nýjar lóðir, sem þá verða auglýstar lausar til úthlutunar.

## Skilmálar

### 1. Lóðir

Veittur er afsláttur af gjaldskrá gatnagerðargjalda vegna nýbyggingar íbúðarhúsnæðis á eftirtöldum, eldri íbúðarlóðum:

Fellabrekka 1  
Fellabrekka 7  
Fellabrekka 9  
Fellasneið 5  
Fellasneið 7  
Grundargata 63  
Grundargata 82  
Grundargata 90  
Hellnafell 1  
Hlíðarvegur 7  
Ölkelduvegur 17  
Ölkelduvegur 19

Sjá ofangreindar lóðir á vefsíðu Grundarfjarðarbæjar, [www.grundarfjordur.is](http://www.grundarfjordur.is)

Veittur er afsláttur af gjaldskrá gatnagerðargjalda vegna nýbyggingar atvinnuhúsnæðis á eftirtöldum iðnaðar-/athafnalóðum við Ártún/Hjallatún:

Ártún 4  
Hjallatún, metralóðir, sjá á vefsíðu.

### 2. Tímabil

Hægt verður að sækja um lóð til nýbyggingar með 50% afslætti gatnagerðargjalds frá 1. mars 2020 til 30. júní 2021.

Lágmarksgjald skv. gjaldskránni er aftengt á tímabilinu, en hámarksgjald heldur sér.

### 3. Mögulegur fjöldi lóða

Einstaklingi (hjón eða sambúðaraðilar talin saman) og lögaðila er heimilt að sækja um eina byggingarlóð/byggingarframkvæmd (þ.e. eitt einbýlishús, eitt parhús (2 íbúðir), eitt raðhús/fjölbýlishús) sem afsláttur nær til.

### 4. Umsókn

Sótt er um á eyðublöðum sem hægt er að nálgast á [vef bæjarins, sjá hér](#).

Til að umsókn teljist fullnægjandi þarf hún að vera að fullu útfyllt, undirrituð og skilað inn með þeim fylgigögnum sem farið er fram á. Umsækjanda ber að tilgreina hvenær hann hyggst hefja

og ljúka byggingarframkvæmdum. Umsækjendum er bent á að kynna sér vel gildandi aðalskipulag og deiliskipulag þar sem því er fyrir að fara.

## 5. Úthlutun

Umsóknir um lóðir með afslætti eru teknar fyrir á næsta fundi skipulags- og umhverfisnefndar. Umsóknir sem berast á milli funda nefndarinnar, eru teknar fyrir á næsta fundi nefndarinnar og afgreiddar þar. Berist fleiri en ein umsókn um sömu lóð er skorið úr um úthlutun hennar með því að varpa hlutkesti.

Lóðaúthlutanir eru staðfestar á næsta fundi bæjarstjórnar. Í framhaldinu sendir embætti skipulags- og byggingarfulltrúi bréf til lóðarhafa og tilkynnir um úthlutun lóðar. Við dagsetningu slíks bréfs er ferli viðkomandi lóðar miðað.

## 6. Tímastærir og skilmálar

Við úthlutun lóðanna gilda eftirfarandi ákvæði:

- Frá dagsetningu bréfs þar sem tilkynnt er um úthlutun lóðar, hefur lóðarhafi 6 mánuði til að skila inn umsókn um byggingarleyfi á hinni úthlutuðu lóð. Til að slík umsókn teljist gild þurfa að fylgja henni fullbúnir aðaluppdrættir byggingar, sem eru í samræmi við gildandi deili- og aðalskipulag, uppáskriftir byggingarstjóra og meistara og önnur þau fylgigögn sem byggingarreglugerð kveður á um.
- Gögn verða yfirfarin af byggingarfulltrúa og skipulags- og umhverfisnefnd staðfestir og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi.
- Eftir afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar er lóðarhafa tilkynnt um að byggingarleyfi verði gefið út og reikningur gefinn út fyrir byggingarleyfisgjöldum. Leyfið verður gefið út þegar byggingarleyfisgjöld hafa verið greidd.
- Byggingarframkvæmdir skulu hafnar innan árs frá útgáfu byggingarleyfis, eins og lög gera ráð fyrir.
- Byggingarframkvæmdir skulu hafa hlotið fokheldisvottorð innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis, ella verður byggingarleyfishafi krafinn um 50% gatnagerðargjalds skv. gjaldskrá á þeim tíma.

## 7. Gjöld

Þau gjöld sem koma til greiðslu eru:

- Staðfestingargjald lóðarúthlutunar
- Afgreiðslugjald - skv. gjaldskrá
- 50% gatnagerðargjald; sem þarf að greiða áður en byggingarleyfi er gefið út.
- Byggingarleyfisgjald; sem þarf að greiða áður en byggingarleyfi er gefið út.
- Önnur gjöld skv. gjaldskrá.